

Ár 2007, þriðjudaginn 27. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2007**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 16. febrúar 2007 með kvörtun **A**, hrl. skipaðs lögráðamanns **M**, fyrir hennar hönd, dagsettri 11. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. febrúar 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 28. mars 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. apríl 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 17. apríl 2007. Óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 14. júní 2007. Svör bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 20. júní 2007. Þau voru talin ófullnægjandi og var beiðni nefndarinnar ítrekuð með bréfi hennar, dagsettu 24. ágúst 2007. Frekari gögn bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 4. september 2007.

M, lést 29. júní 2007 og tók dánarbú hennar þá við sókn málsins.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. júní, 14. júní, 11. september og 27. september 2007.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var svipt fjárræði með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2006 og var tilkynning um úrskurðinn birt í Lögbirtingablaði **B**. Sýslumaðurinn í Reykjavík tilkynnti varnaraðila um fjárræðissviptinguna með bréfi, dagsettu 24. maí 2006. **A**, hrl. var skipuð lögráðamaður sóknaraðila með skipunarbréfi sýslumannsins í Reykjavík, dagsettu 12. júní 2006.

Við athugun skipaðs lögráðamanns kom í ljós að sóknaraðili hafði tekið skuldabréfalán hjá varnaraðila 2. júní 2006. Óskaði lögráðamaðurinn eftir því með bréfi til varnaraðila, dagsettu 4. júlí 2006, að sá gerningur gengi til baka og að vextir og lántökugjald yrði endurgreitt, auk þess sem útgreidd fjárhæð yrði skuldfærð af innstæðum hennar hjá varnaraðila. Þá spurðist lögráðamaðurinn fyrir um átta nánar tiltekna skuldfærslur á reikning sóknaraðila nr. 303-13-905340 hjá varnaraðila. Með

bréfi, dagsettu 18. september 2006, krafðist lögráðamaður sóknaraðila þess með vísan 2. mgr. 76. gr. lögræðis laga nr. 71, 1997 að varnaraðili endurgreiðdi sóknaraðila samtals kr. 246.726, þ.e. kr. 237.000 vegna fjögurra úttekta af tékkareikningi og kr. 9.726 vegna vaxta og lántökukostnaðar í tengslum við nefnt skuldabréfalán. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 31. október 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 11. febrúar 2007.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum kr. 237.000.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á fjórum úttektum í reiðufé, kr. 2.000, sem teknar voru út 23. maí 2006, kr. 18.000 sem teknar voru út 13. júní 2006, kr. 175.000 sem teknar voru út 14. júní 2006 og loks kr. 42.000 sem teknar voru út 10. júlí 2006.

Sóknaraðili kveður fjárræðissviptingu sína hafa tekið gildi gagnvart varnaraðila með birtingu úrskurðar þar um í Lögbirtingablaði **B**. Telur sóknaraðili skipaðan lögráðamann eiga að skera úr um hvort tilteknir fjármunir teljist sjálfsaflafé í skilningi 2. mgr. 75. gr. lögræðis laga nr. 71, 1997. Kröfu sína um endurgreiðslu styður sóknaraðili við 2. mgr. 76. gr. sömu laga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að ekki sé ljóst á hvaða heimild riftunarkrafa sóknaraðila sé byggð. Bendir varnaraðili jafnframt á ákvæði 78. gr. lögræðis laga þar sem segi að hinn ólögráða skuli greiða féggjald að því leyti sem verðmæti hafi orðið honum að notum. Komi fram í greinargerð með lögunum að um sé að ræða auðgunarkröfu á hendur hinum ólögráða sem einkum miðist við það hvort eign hans aukist vegna þess að hann fékk hlutinn í hendur eða hvort honum hafi sparast nauðsynleg útgjöld. Ekkert liggi fyrir í máli þessu hvernig fjármunum sóknaraðila hafi verið ráðstafað og því ógerlegt að taka afstöðu til kröfu hans. Verði því að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 4. (sic) gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að inn á reikning sóknaraðila hjá varnaraðila hafi frá því að fjárræðissvipting átti sér stað og þar til endurgreiðslu var krafist verið lögð inn laun sóknaraðila, samtals að fjárhæð kr. 402.681, sem sé hærrí fjárhæð en sóknaraðili fer fram á að verði endurgreidd. Kveður varnaraðili launagreiðslur þessar vera sjálfsaflafé í skilningi 2. mgr. 75. gr. lögræðis laga og mótmælir því að það sé lögráðamanns að skera úr um hvort tilteknir fjármunir teljist sjálfsaflafé í skilningi laga.

Varnaraðili bendir ennfremur á að óeðlilegt sé að honum verði gert að endurgreiða sóknaraðila fé sem sóknaraðili hafi þegar nýtt í eigin þágu. Yrði sú niðurstaða til þess að sóknaraðili myndi auðgast um þá fjárhæð sem gerð er krafa um að verði endurgreidd.

Loks byggir varnaraðili á því að úttektir af bankareikningi geti ekki talist til löggernings í skilning lögræðis laga og sé endurgreiðsla á grundvelli riftunar því ótæk.

Ákvæði 76. gr. eigi fyrst og fremst við um ráðstöfun fjárverðmæta og stofnun fjárskuldbindinga. Með úttektum sínum af bankareikningi hafi sóknaraðili ekki verið að stofna til fjárskuldbindinga í skilningi nefnds ákvæðis og því ekki um eiginlegan löggerning að ræða.

V.

Niðurstaða.

Varnaraðili hefur í máli þessu aðallega krafist þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Í máli þessu setur sóknaraðili fram kröfu um endurgreiðslu tiltekinnar fjárhæðar, sem saman stendur af fjórum úttektum sóknaraðila af reikningi hans hjá varnaraðila og hann telur varnaraðila eiga að endurgreiða sér. Fallast má á að reifun málsatvika og málsástæðna í kvörtun sóknaraðila sé í rýrara lagi. Af gögnum málsins má þó ráða hver rök sóknaraðili telur liggja að baki kröfum sínum og kröfugerð hans er skýr. Þykja því ekki nægileg efni til að fallast á frávísunarkröfu varnaraðila og verður henni því hafnað.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili var sviptur fjárræði 15. maí 2006 og var tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði **B**, Miðast réttaráhrif úrskurðarins gagnvart varnaraðila við þá dagsetningu, sbr. ákvæði 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. lögræðis laga nr. 71, 1997. Löggerningar sem fjárræðissviptur maður gerir eftir birtingu úrskurðar um fjárræðissviptingu binda hann ekki, sbr. 2. mgr. 76. gr.

Meginregla um réttaráhrif fjárræðisskorts kemur fram í 1. mgr. 75. gr. lögræðis laga þar sem mælt er fyrir um að ófjárráða maður ráði ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg. Í 2. - 4. mgr. 75. gr. er mælt fyrir um undantekningar frá þeirri reglu. Taka þær til sjálfsafla- og gjafafjár og fjár sem lögráðamaður hefur látið hinn ófjárráða hafa til ráðstöfunar. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. ræður ófjárráða maður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Sá, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis, sbr. 2. másl. 2. mgr. Eins og skýrt er tekið fram í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að gildandi lögræðis lögum er með sjálfsaflafé „...fyrst og fremst átt við það fé sem hinn ófjárráða hefur unnið sér inn með persónulegri vinnu sinni.“ Í athugasemdunum er enn fremur sérstaklega áréttað að ráðstöfunarréttur hins ófjárráða sæti þó vissum takmörkunum. Þannig taki „...hann aðeins til fjár sem þegar hefur verið aflað ... Maður getur því ekki ráðstafað með löggerningi fé sem hann á eftir að afla, t.d. vinnulaunum.“

Samkvæmt framansögðu eru engin efni til að fallast á þær röksemdir sóknaraðila að það sé undir ákvörðun lögráðamanns hans komið hvað teljist til sjálfsaflafjár. Var sóknaraðila heimilt að ráðstafa þeim launum, sem hann aflaði sér eftir að hann var sviptur sjálfræði og greidd voru inn á reikning hans.

Krafa sóknaraðila lýtur að þremur úttektum af tékkareikningi hans og einni af bókarlausum sparisjóðsreikningi hjá varnaraðila. Þegar tilkynning um lögræðissviptingu sóknaraðila var birt í Lögbirtingablaði **B**, nam innstæða á tékkareikningi hans hjá varnaraðila kr. 5.827 samkvæmt útreikningum úrskurðarnefndarinnar, en yfirlit yfir innstæðu á reikningnum á hverjum tíma fékkst ekki hjá varnaraðila þrátt fyrir ítrekaða beiðni nefndarinnar. Samkvæmt framanröktum ákvæðum lögræðis laga réði sóknaraðili

ekki því fé sínu. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kr. 2.000 sem að hann tók út af reikningnum 23. maí 2006. Ekki eru hins vegar gerðar athugasemdir við úttekt að fjárhæð kr. 2.500 sama dag og úttekt degi síðar að fjárhæð kr. 1.000. Hinn 23. maí 2006 hafði sóknaraðili samkvæmt framansögðu ekki heimild til að ráðstafa umþrætti fjárhæð, kr. 2.000, af tékkareikningi sínum.

Hinn 1. júní 2006 fékk sóknaraðili greidd laun, kr. 49.559, inn á tékkareikning sinn. Degi síðar voru færðar fimm úttektir á tékkareikninginn, samtals að fjárhæð kr. 9.778. Stóðu þá enn eftir kr. 39.781 af launum sóknaraðila. Lán, sem varnaraðili veitti sóknaraðila, var greitt inn á tékkareikninginn 7. júní 2006, kr. 193.100. Sama dag voru skuldfærðar á reikninginn kr. 39.000, kr. 18.000 hinn 13. júní 2006 og kr. 175.000 degi síðar, 14. júní 2006. Nam innstæða á tékkareikningi sóknaraðila þá kr. 881. Síðastnefndu tvær skuldfærslurnar virðast vera vegna peningaúttektar sóknaraðila og er krafist endurgreiðslu þeirra. Að frádreginni úttekt að fjárhæð kr. 39.000 hinn 7. júní 2006 stóðu eftir kr. 781 af launum þeim sem sóknaraðili fékk greiddar 1. júní 2006. Hafði sóknaraðili ekki rétt til að ráðstafa frekari fjárhæðum af reikningi sínum. Voru því kr. 192.219 umfram sjálfsaflafé hennar. Umrætt skuldabréf var greitt upp 10. júlí 2006 með úttekt af bókarlausum sparireikningi sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu hafði sóknaraðili ekki heimild til að ráðstafa kr. 2.000 af tékkareikningi sínum hinn 23. maí 2006 og ekki umfram kr. 49.559 í júní 2006. Ráðstöfun á kr. 192.219 í þeim mánuði var umfram sjálfsaflafé hennar. Samtals verður því að telja að sóknaraðili hafi ráðstafað kr. 194.219 út af tékkareikningi sínum í andstöðu við úrskurð um lögræðissviptingu og ákvæði laga um heimild til ráðstöfunar fjár síns. Með vísan til þess sem fyrr er rakið, sbr. 2. mgr. 75. gr. lögræðislaga, stóðar ekki fyrir varnaraðila að bera fyrir sig að síðar hafi borist frekari launagreiðslur inn á tékkareikning sóknaraðila, enda var sóknaraðila óheimilt að ráðstafa fé sem hann átti eftir að afla.

Framanrakið á ennfremur við um úttekt á kr. 42.000 hinn 10. júlí 2006 af bókarlausum sparisjóðsreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Ekki voru greidd laun inn á reikninginn og í raun höfðu engar innborganir á reikninginn átt sér stað á árinu 2006. Var ráðstöfun fjárins sóknaraðila því óheimil. Er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar því sú að ráðstöfun á alls kr. 236.219 af þeim fjórum úttektum, samtals að fjárhæð kr. 237.000, sem krafist er endurgreiðslu á, hafi verið umfram heimildir sóknaraðila.

Eins og fyrr er rakið er samkvæmt kvörtun sóknaraðila gerð krafa um endurgreiðslu tiltekinna úttekta. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins þykir þrátt fyrir það mega ráða af málalíbúnaði sóknaraðila að hann geri kröfu um skaðabætur að fjárhæð kr. 237.000 vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir sakir gáleysis varnaraðila. Telja verður að varnaraðila hafi eftir 22. maí 2006 mátt vera ljóst að sóknaraðili hafði verið sviptur lögræði og hafi haft öll tök á að koma í veg fyrir eða eftir atvikum takmarka úttektir sóknaraðila af reikningum sínum. Þetta gerði varnaraðili ekki heldur lánaði sóknaraðila þvert á móti fé og greiddi inn á tékkareikning hans, sem gerði það að verkum að sóknaraðili gat tekið út mun meira fé af reikningnum en ella. Verður að virða háttsemi varnaraðila honum til sakar og ber hann því ábyrgð á að alls kr. 236.219 af þeim 237.000, sem krafa sóknaraðila snýst um, var heimildarlaust ráðstafað út af reikningum sóknaraðila. Ekki liggur fyrir hvort eða að hve miklu leyti sóknaraðili naut sjálfur góðs af ráðstöfun fjárins. Eins og atvikum málsins er háttað þykir rétt að varnaraðili beri hallann

af öllum vafa í þeim efnum. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila kr. 236.219.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtæki **F**, greiði sóknaraðila, **M**, kr. 236.219.

Reykjavík, 27. september 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Hildigunnur Hafsteinsdóttir